

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 225/1997.

**Jón Páll Jakobsson**

(Ævar Guðmundsson hdl.)

gegn

**Hornbjargi ehf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Skip. Lausafjárkaup. Ógilding samnings. Veiðiheimildir.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1997. Hann krefst þess aðallega, að kaupsamningur aðila frá 1. mars 1996 um mb. Frey, BA 9, verði dæmdur ógildur og hann sýknaður af kröfu stefnda um útgáfu afsals fyrir bátnum. Til vara krefst hann þess, að efni kaupsamningsins verði breytt á þann hátt, að kaupverð bátsins verði ákveðið 16.349.936 krónur og stefnda gert að greiða gegn útgáfu afsals 4.849.936 krónur auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1996 til 19. nóvember sama árs, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að kaupverð samkvæmt kaupsamningi aðila verði hækkað að mati dómsins og stefnda gert að greiða mismuninn með vöxtum gegn útgáfu afsals, eins og í varakröfu greinir. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

### **I.**

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi fram þeim kröfum, sem hann gerði í gagnsök í héraði, um ógildingu kaupsamnings aðila eða hækkun kaupverðs samkvæmt honum. Hann reisir kröfur þessar á 31. gr., 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og þeim ákvæðum var breytt með lögum nr. 11/1986, svo og reglum um brostnar forsendur. Hann heldur því fram, að forsvarsmenn stefnda hafi við gerð kaupsamningsins vitað um væntanlegt lagafrumvarp sjávarútvegsráðherra um, að afla-

hámark krókabáta yrði gert framseljanlegt og að verðmæti þeirra myndi þá stóraukast. Þeir hafi ásett sér að kaupa krókabát fyrir lagabreytingu eingöngu til þess að hagnast á kostnað seljanda, sem ekki vissi, að hún væri í vændum. Áfrýjandi, ungur og óreyndur, hafi verið einangraður við starf sitt og ekki fylgst með því, sem var að gerast í málum smábátaeigenda. Hann hafi því verið slíkur seljandi, sem forsvarsmenn stefnda hafi leitað að. Þeir hafi áður reynt fyrir sér hjá ýmsum öðrum smábátaeigendum, en ekki tekist. Skipasalinn hafi reynst vera í vitorði með þeim og áfrýjandi því ekki getað fengið hjá honum þau ráð og leiðbeiningar, sem honum hafi borðað að veita. Fljótlega eftir undirritun kaupsamnings hafi frumvarpið verið lagt fram á Alþingi og samþykkt 5. júní 1996 með gildistöku 1. september sama árs. Verðmæti krókabáta hafi þar með stórhækkað, og hafi það útilokað, að áfrýjandi gæti keypt sér nýjan.

## II.

Áfrýjandi ber fyrir sig 31. gr. laga nr. 7/1936. Enda þótt áfrýjandi hafi sýnt fram á, að munur hafi verið á aldri hans og forsvarsmanna stefnda og högum þeirra að ýmsu öðru leyti, verður ekki fram hjá því litið, að fyrir liggur, að áfrýjandi ráðfærði sig um kaupin við föður sinn, sem hafði reynslu á þessu sviði, og gat að auki hæglega leitað ráða annars staðar, áður en samningurinn komst á. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að fjárhagur hans hafi verið þannig, að viðsemjendur hans verði taldir hafa notað sér bágindi hans, eins og í lagaákvæði þessu er greint, eða að aðstöðumunur hafi verið svo mikill, að samningurinn verði talinn ógildur af þeim sökum.

Í annan stað styður áfrýjandi kröfur sínar við 33. gr. sömu laga og vísar þá einkum til vitneskju forsvarsmanna stefnda við gerð samningsins. Þótt vitneskja þeirra um væntanlegt lagafrumvarp kunni að hafa verið meiri en áfrýjanda, verður ekki á það fallist, að þeir hafi þar með mátt vita við samningsgerð um þá síðari verðþróun, sem áfrýjandi reisir mál sitt á. Verður þessu lagaákvæði því ekki beitt um samning aðila.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að forsenda hans við samningsgerð, að lög um stjórn fiskveiða yrðu óbreytt, hafi brostið. Ekki verður á það fallist, að viðsemjendum hans hafi mátt vera ljós þessi forsenda. Verður samningnum því ekki hnikað af þessari ástæðu.

Áfrýjandi ber loks fyrir sig 36. gr. tilvitnaðra laga og vísar til verðhækkana á bátnum vegna þeirra lagabreytinga, sem unnið var að, þegar samningurinn var gerður. Við mat á því, hvort þessu ákvæði verði beitt í málinu, verður að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, er síðar komu til. Af gögnum málsins er ljóst, að umrædd lagabreyting átti sér nokkurn aðdraganda. Atriði henni tengd voru til almennrar umræðu um nokkurra mánaða skeið fyrir samningsgerðina, þar á meðal í röðum þeirra, sem gerðu út smábáta, líkt og áfrýjandi hafði gert. Átti þetta ekki að geta farið fram hjá áfrýjanda. Í málinu liggja fyrir nokkrir samningar á milli annarra um kaup á krókabátum frá þeim tíma, sem viðskipti málsaðila fóru fram. Þeir samningar benda ekki sérstaklega til þess, að verðið á mb. Frey hafi verið óeðlilegt, þegar kaupin voru gerð. Við kaupsamninginn tóku því báðir aðilar áhættu vegna þeirrar þróunar mála, sem orðið gæti. Þótt verð á krókabátum hafi hækkað vegna fyrrgreindrar lagabreytingar, sem var samþykkt nokkru eftir samningsgerð, verður ekki talið í þessu ljósi, að þau atvik, sem síðar komu til, séu þess eðlis, að umrætt lagaákvæði geti átt hér við.

Samkvæmt framansögðu eru ekki rök til að ógilda samning aðila eða breyta efni hans. Verður því fallist á niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Ekkert er fram komið til stuðnings því, að áfrýjandi hafi neitað stefnda um veðleyfi í þeim tilgangi að hindra, að hann gæti efnt samningsskyldur sínar. Með þessari athugasemd verður fallist á forsendur héraðsdóms fyrir því, að áfrýjanda verði gert að gefa út afsal til stefnda fyrir mb. Frey. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. apríl 1997.**

Ár 1997, föstudaginn 11. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1100/1996: Hornbjarg ehf. gegn Jóni Páli Jakobssyni og gagnsök.

Mál þetta var tekið til dóms 18. mars 1997. Það var þingfest í aðalsök 22. október 1996 og gagnsök lögð fram 19. nóvember 1996.

Aðalstefnandi er Hornbjarg ehf., kt. 680296-2279, Aðalstræti 26, Ísafirði, en aðalstefndi er Jón Páll Jakobsson, kt. 010173-5829, Sæbraut 1, Bíldudal.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði að viðlögðum dagsektum, 50.000 krónum á dag, dæmdur til að gefa út afsal til aðalstefnanda fyrir mb. Frey, BA-9, með skipaskrárnúmer 2148, að viðlagðri aðför. Þess er krafist, að aðfararfrestur verði eigi lengri en þrír dagar frá dómsuppsögu og að áfrýjun málsins hindri eigi aðför, hvað skyldu aðalstefnda til útgáfu afsals varðar.

Þá krefst stefnandi þess, að aðalstefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.067.000 krónur, eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins. Dráttarvaxta er krafist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá stefnubirtingardegi 21. október 1996 til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist að skaðlausu.

Aðalstefndi krefst aðallega sýknu á útgáfu afsals og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi í heild eða að hluta. Til vara er þess krafist, að aðalstefndi verði alsýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda. Aðalstefndi krefst málskostnaðar.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi, Jón Páll Jakobsson, þess, að kaupsamningur aðila frá 1. mars 1996 um vélbátinn Frey, BA-9, verði dæmdur ógildur og óskuldbindandi fyrir gagnstefnanda.

Til vara krefst gagnstefnandi þess, að efni kaupsamnings aðila verði breytt á þann hátt, að kaupverð hins selda verði ákveðið 16.349.936 krónur, að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda 4.849.936 krónur og að sú fjárhæð beri vexti samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. mars 1996 fram til 19. nóvember 1996, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara er þess krafist, að efni kaupsamnings aðila verði breytt á þann hátt, að kaupverð hins selda verði lækkað um tiltekna fjárhæð að mati dómsins og gagnstefnda gert að greiða gagnstefnanda mismun þeirrar fjárhæðar og kaupverðs samkvæmt kaupsamningi aðila frá 1. mars sl. og að sú fjárhæð beri vexti samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. mars 1996 fram til 19. nóvember 1996, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Pá er loks gerð sú krafa, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Gagnstefndi krefst sýknu af dómkröfum í gagnsök og málskostnaðar.

Aðalsök og gagnsök hafa verið sameinaðar og voru sóttar og varðar sem eitt og sama mál.

#### *Málavextir í aðalsök.*

Upphaf máls þessa má rekja til þess, að trillusjómennirnir Birgir Hermannsson og mágur hans, Árni Sigtryggsson, hittust í afmæli í október 1995. Breyting hafði þá orðið á lögum um stjórn fiskveiða, og sá Birgir fram á, að sá kvóti, sem hann hafði, myndi ekki duga honum til lífsviðurværis. Árni hafði róið á sinni trillu á sumrin, en unnið á trésmíðaverkstæði á veturina, sem nú var hætt starfsemi. Afréðu þeir að leita sér að krókaleyfisbát til kaups til þess að tryggja sér vinnu vetrarmánudina. Bróðir Árna, Jón Björn Sigtryggsson tannlæknir, lýsti yfir áhuga á að taka þátt í kaupunum. Síðar stofnuðu þeir fyrirtækið Hornbjarg ehf. um kaupin. Skiptist eignaraðild jafnt milli þriggja eigenda, sem voru Alda, Árni og Jón Björn Sigtryggsbörn, en Alda er eiginkona Birgis Hermannssonar.

Ýmsir bátar voru skoðaðir. Birgir var þá búsettur á Ísafirði, og bað hann Arnar Geir Hinriksson hdl. að auglýsa eftir báti. Var það gert, og höfðu nokkrir samband, þ. á m. aðalstefndi, sem bauð Frey, BA-9, til sölu, sem er 5,99 brúttótonna dekkadur plastbátur af tegundinni Gáski 800 D, smíðaður 1992. Bátinum skyldi fylgja 44.900 kg þorskaflahámark.

Birgir kom fram fyrir aðalstefnanda, og gerði hann aðalstefnda tilboð, að fjárhæð 9 milljónir króna, í desember 1995, sem aðalstefndi hafnaði. Í byrjun árs 1996 gerði Birgir aðalstefnda annað tilboð, að fjárhæð 11,5 milljónir króna, sem einnig var hafnað. Það var svo 16. febrúar 1996, að aðalstefndi hitti Birgi á heimili hans á Ísafirði. Gengu þeir frá kauptilboði í bátinn og lögðu til grundvallar tilboð, sem Birgir hafði áður gert stefnda. Gerðu þeir nokkrar breytingar á kauptilboðinu, m. a., að bifreið skyldi fylgja með í kaupunum. Segir aðalstefndi, að við kaupsamningsgerðina hafi Birgir jafnframt lofað að greiða aðalstefnda aukalega 500.000 krónur, en hafi sagt, að meðeigendur hans mættu ekki vita af því. Vildu þeir ekki greiða meira en 11,5 milljónir króna fyrir bátinn, en Birgir hafi lofað að sjá persónulega um mismuninn. Birgir hefur mótmælt þessari frásögn aðalstefnda og sagt hana tilbúning.

1. mars 1996 gengu aðilar frá kaupsamningi á skrifstofu Arnars Geirs Hinrikssonar hdl. á Ísafirði. Kaupverð var 11,5 milljónir króna, og greiddist það með þeim hætti, að aðalstefnandi tók á sig áhvilandi skuldir, en greiddi

mismuninn, 1.675.119 krónur, við undirritun kaupsamnings, og skipasaliinn tók við 100.000 þúsund króna ávísun, sem hann skyldi geyma, uns fylgifé hefði verið afhent. Að öðru leyti eru eftirfarandi ákvæði í kaupsamningi:

„Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi sig að kaupa mb. Frey, BA-9, sknr. 2148, sem er dekkður plastbátur, Gáski 800 D, 5,99 brúttó-tonn, ásamt öllu, sem bátnum fylgir og fylgja ber, þar með talin veiðiréttindi, veiðireynsla og aflahámark, allt í samræmi við samkomulag aðila.

Báturinn selst í því ástandi, sem hann nú er í og kaupandi hefur kynnt sér rækilega. Báturinn sé með gilt kvaðalaust haffærisskírteini. Bátinn ásamt fylgifé skal afhenda í Flateyrahöfn í dag, 1. mars 1996. Það, sem á kann að vanta, að full skil séu á afhendingu fylgifjár, skal afhenda í Ísafjarðarhöfn eigi síðar en 15. mars nk.

— — —

Eyrarsparisjóður er í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu í 3 hér að framan, og skuldbindur kaupandi sig til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að létta þeirri ábyrgð af fyrir 10. 4. nk.

Kaupandi tekur að sér að losa seljanda og fjölskyldu hans úr ábyrgð vegna framangreindra veðskulda fyrir 10. 4. nk.

Kaupandi hefur kynnt sér rækilega greiðslubyrði yfirtekinna veðskulda.

Engar aðrar veðskuldir en hér að framan greinir hvíla á bátnum.

Seljandi ábyrgist, að engar sjóðveðskröfur hvíla á bátnum eða falli á hann vegna útgerðar hans til þessa.

Kaupandi fær afsal af bátnum eigi síðar en 10. 4. 1996, enda hafi hann fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskráðu.“

Aðalstefndi kveður það fyrst hafa verið við kaupsamningsgerðina, að hann komst að raun um, að Birgir, sem hann hafði átt öll samskipti við, var ekki hluthafi í aðalstefnanda, Hornbjargi ehf. Birgir hefur skýrt þetta atriði þannig, að hann hafi lent í fjárhagserfiðleikum nokkru áður vegna rekstrar frystihúss, og því hafi hann talið heppilegra, að eiginkona sín væri hluthafi í aðalstefnanda. Aðalstefndi segir, að kaupsamningurinn hafi verið gerður í miklum flýti og hann verið undir þrýstingi um, að ekkert yrði af kaupunum, ef hann skrifaði ekki undir strax. Þessu hafa Birgir og Arnar Geir mótmælt. Sagði Arnar Geir auk þess, að ekki hefði verið minnst á 500.000 króna aukagreiðslu við kaupsamningsgerðina.

Í ljós kom eftir kaupin, að ýmsar kröfur voru óuppgerðar af hálfu stefnda og að sumar þeirra nutu sjóveðsréttar í bátnum, hin helsta skuld við Vélbátaábyrgðarfélag Ísafjarðar, að fjárhæð 885.256 krónur. Óumdeilt er í málinu, að aðalstefndi gekk frá þeirri skuld 16. ágúst 1996. Þá kom í ljós, að aðalstefndi hafði framselt Eyrarsparisjóði 43% af aflaverðmæti bátsins, og

skyldi andvirðið renna til greiðslu veðlána á bátnum. Segir aðalstefnandi, að útgerðin hafi verið vonlaus með þessum afarkostum, og fengu þeir þessari kvöð aflétt, þegar eigendur höfðu gengið persónulega í ábyrgðir. Kvaðst aðalstefndi ekki hafa upplýst um þessa kvöð, þar sem Birgir hefði allan tímann látið í það skína, að kaupendur væru fjársterkir og myndu greiða upp áhvílandi veðskuldir. Arnar Geir tók undir það, að fram hefði komið hjá Birgi, að fjársterkir aðilar stæðu að kaupunum.

27. mars 1996 sendi aðalstefnandi aðalstefnda símskeyti og óskaði eftir, að stefndi gæfi út veðleyfi, til þess að aðalstefnandi gæti staðið við ákvæði kaupsamnings um að losa stefndu og fjölskyldu hans úr persónulegum ábyrgðum fyrir 10. apríl 1996. Þessari ósk svaraði aðalstefndi ekki, og kemur fram í greinargerð hans, að honum hafi verið rétt að synja um slíkt veðleyfi, þar sem aðalstefnandi hafi fyrst átt að leysa aðalstefnda og fjölskyldu hans úr ábyrgð. Með bréfi lögmanns aðalstefnda 19. apríl 1996 var þess krafist, að aðalstefnandi aflétti ofangreindum ábyrgðum. Í sama bréfi var tilkynnt um þá ákvörðun aðalstefnda að krefjast hærra verðs fyrir bátinn, þar sem yfirlýsing sjávarútvegsráðherra um, að kvóti krókabáta yrði framseljanlegur, hefði hækkað verð slíkra báta. Lögmaður aðalstefnanda upplýsti lögmann aðalstefnda þegar símleiðis um, að verið væri að vinna við að leysa aðalstefnda úr ábyrgðum, og samkvæmt gögnum málsins lauk þessari vinnu í maí. Skömmu síðar sendi aðalstefnandi aðalstefnda bréf 9. maí 1996 og skoraði á hann að gefa út afsal. Fram kemur í því bréfi, að aðalstefnandi eigi eftir að greiða 100.000 krónur af kaupverði, en jafnframt er bent á, að í ljós hafi komið, að veðskuld hvíldi á bifreiðinni, sem fylgdi kaupunum, og sjóveðskröfur væru enn ógreiddar.

Aðilar hittust á skrifstofu Arnars Geirs Hinrikssonar hdl. 19. júlí 1996 í þeim tilgangi að ganga frá útgáfu afsals. Þá lá fyrir, að aðalstefndi hafði greitt lausaskuldir og samkomulag var um greiðslu skulda við Vélbáta-ábyrgðarfélag Ísfirðinga. Í ljós kom, að aðalstefndi neitaði að gefa út afsal, nema hann fengi greiddar 500.000 krónur til viðbótar kaupverði samkvæmt kaupsamningi eða kæmi að eftirfarandi fyrirvara í afsali:

„Sá fyrirvari er gerður í afsali þessu, að þar sem aflaheimildir bátsins hafa verið gerðar framseljanlegar með lögum nr. 105/1996, sem voru samþykkt á vorþingi 1996 samkvæmt þeim tillögum, sem sjávarútvegsráðherra kynnti í marsmánuði, nokkrum dögum eftir að skrifað var undir kaupsamning um Frey, BA, áskilur seljandi sér rétt til þess að setja fram kröfu um, að kaupverð bátsins verði hækkað, með vísan til 36. gr. samningalaga, meðal annars með vísan til eftirfarandi aðstæðna að teknu tilliti til þess, að fyrirheit sjávarútvegsráðherra og síðar lög nr. 105/1996 hafa stóraukið verðmæti

Freys, BA.“ Stefnandi vildi þá koma að sínum athugasemdum eða fyrirvara: „Afsalshafi mótmælir þeim skilningi afsalsgjafa/seljanda, að hann eigi lögmæta kröfu á að hækka kaupverð Freys, BA-9 (2148), sbr. fyrirvara í afsali þessu, og áskilur sér allan rétt í hugsanlegu dómsmáli seljanda á hendur kaupanda af þeim sökum og setja þar fram málsástæður og lagarök. Af hálfu seljanda er ófrávikjanleg krafa fyrir útgáfu afsals þessa, að hann fái fyrirvara sinn í texta afsalsins, en kaupandi samþykkir á engan hátt þann skilning, sem kemur þar fram, og heimilar hann einvörðungu til að freista þess að binda enda á mál þetta, sem hefur dregist af ýmsum orsökum, sem eigi verða raktar hér.“

Ekki náðist samkomulag um þetta með aðilum, og lauk fundi, án þess að afsal væri gefið út.

12. ágúst 1996 gerði stefndi stefnanda sáttatilboð bréflega þess efnis, að stefndi tæki bátinn til baka eða stefnandi greiddi 2 milljónir króna auka-lega, vegna þess að verð bátsins hefði hækkað. Með bréfi 10. september 1996 greiddi stefnandi eftirstöðvar af kaupverði bátsins, að fjárhæð 100.000 krónur, en dró frá samtals 31.002 krónur, sem stefnandi hafði greitt 4. mars 1996 vegna vanskila á skipaskoðunargjöldum.

### *Málsástæður og lagarök í aðalsök.*

Aðalstefnandi reisir kröfu sína um útgáfu afsals á kaupsamningi aðila frá 1. mars 1996. Aðalstefnandi hafi efnt samningsskyldu sína, og því beri aðalstefnda að gefa út afsal. Neitun aðalstefnda á útgáfu afsals sé ólögmæt, því að hann geti fengið skorið úr réttmæti kröfu sinnar, enda þótt hann gefi áður út afsal. Í þessu sambandi vísar aðalstefnandi til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. málslíð 2. gr. 25. gr. s. 1. og 74. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Kröfu sína um dagsektir styður aðalstefnandi við 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um, að áfrýjun fresti ekki aðför, við 5. mgr. 114. gr. s. 1. Mikilvægt sé fyrir aðalstefnanda að fá afsal sem fyrst gefið út. Hann ætli sér að sækja um hagstæðari lán en nú eru áhvílandi, og ef hann hygðist úrelda bátinn, væri afsal nauðsynlegt.

Aðalstefnandi telur, að hann hafi átt rétt á því að halda eftir greiðslu til stefnda, vegna þess að ýmsar skuldir voru ógreiddar af hálfu aðalstefnda.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar aðalstefnandi með eftirfarandi hætti: 300.000 krónur vegna vinnu og fyrirhafnar forsvarsmanna aðalstefnanda vegna neitunar stefnda á útgáfu afsals og veðleyfis, árangurslausrar fundarsetu og taps vegna vaxtamunar og 767.000 krónur vegna aflatjóns, samtals 1.067.000 krónur.

Aðalstefnandi hafi ekki fengið út gefið veiðileyfi fyrir fiskveiðiárið 1996–

1997 fyrr en 16. september 1996. Þær tafir séu algerlega á ábyrgð aðalstefnda. Aflaverðmæti samsvarandi báta dagana 1.–16. september hafi verið 767.000 krónur að frádregnum olíukostnaði. Aðalstefnandi telur, að aðalstefndi hafi skaðað sig með því að neita að gefa út veðleyfi, og þar sem afsal fékkst ekki, hafi aðalstefnandi ekki getað nýtt sér boð Byggðastofnunar um hagstæðara lán en á bátnum hvíldu. Aðalstefnandi telur, að erfitt sé að staðreyna tjón nákvæmlega, og því sé þess krafist, að dæmdar verði bætur að álitum.

Sýknukrafa aðalstefnda í aðalsök er í fyrsta lagi miðuð við það, að aðalstefnandi hafi ekki enn greitt kaupverð bátsins. Honum hafi borið að greiða 100.000 krónur við afhendingu fylgifyrjar og draga frá skipa- og skoðunargjöld, að fjárhæð 31.002 krónur, samkvæmt munnlegu samkomulagi aðila. Dráttarvextir séu hins vegar einnig ógreiddir. Afsal verði því ekki gefið út með vísan til 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991. Í öðru lagi er sýknukrafa á því reist, að aðalstefnda hafi verið rétt að neita útgáfu afsals, þar sem hann hafði sett fram kröfu um ógildingu kaupsamningsins á grundvelli ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936. Í þessu sambandi bendir aðalstefndi á, að Freyr, BA-9, sé eina eign aðalstefnda. Ef hann hefði gefið út afsal, hefði aðalstefnandi getað selt bátinn og aflahámark hans og þar með gert að engu möguleika aðalstefnda á að ná fram kröfu sinni í gagnsök.

Um kröfu aðalstefnanda um aðfararfrest og að áfrýjun hindri ekki aðför, telur aðalstefndi, að ekki hafi verið sýnt fram á, að skilyrði 5. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um mikilsverða hagsmuni komi til greina. Sama gildi um aðfararfrestinn. Verði krafan tekin til greina, hljóti aðalstefnandi að þurfa að setja tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni.

Aðalstefndi krefst sýknu af kröfu um greiðslu dagsekta og til vara, að dagsektir verði aldrei lagðar á aðalstefnda fyrr en í fyrsta lagi að liðnum áfrýjunarfresti. Aðalstefndi mótmælir jafnframt kröfufjárhæð dagsekta. Hún hljóti að teljast fyrir ofan það mark, sem eðlilegt megi teljast.

Aðalstefndi krefst þess aðallega, að bótakröfu verði í heild eða að hluta vísað frá dómi, en til vara, að aðalstefndi verði sýknaður af henni. Krafan sé vanreifuð og ósannað, að aflatjón hafi nokkurt orðið. Aðeins olíukostnaður sé dreginn frá. Hann sé aftur á móti ekki eini rekstrarkostnaðurinn, því að margvíslegur annar kostnaður fylgi því að ná aflanum, t. d. fæðis-kostnaður, beita, veiðarfæri, gjöld á fiskmarkaði, löndunargjöld o. s. frv. Ekki komi heldur fram hjá aðalstefnanda, hvort Freyr, BA-9, hafi legið samfleytt lengur en 20 daga í landi á þessu tímabili og þannig fengið endurgreitt 0,15% af ársiðgjaldi tryggingar. Svona mætti lengi telja, og þess vegna sé fjárhagslegur grundvöllur bótakröfu mjög óljós. Auk þess verði að taka

tillit til þess, að Freyr, BA-9, er aflahámarksbátur og þess vegna ekki unnt að staðreyna tjón fyrr en í fyrsta lagi 1. september 1997. Bátinum sé úthlutað ákveðnu aflamarki, sem heimilt sé að nýta allt fiskveiðiárið, og auk þess sé heimilt að flytja 20% af aflaheimildum yfir á næsta fiskveiðiár. Af þessu megi sjá, að fráleitt sé að fullyrða, að tjón hafi hlotist af landlegu bátsins 1.–15. september 1996. Aðalstefndi hafi auk þess ekki haft hugmynd um, að aðalstefnandi hefði ekki fengið veiðileyfi fyrir bátinn. Aðalstefndi hafi þá verið á „Flæmska hattinum“ frá miðjum júlí fram í október 1996 og ekki vitað af vandræðum aðalstefnanda. Birgir Hermannsson, skipstjóri á Frey, BA-9, sé hins vegar alvanur útgerð og þekki gjörla, að veiðileyfi þurfi til að stunda útgerð fiskiskipa. Það hafi því ekki átt að koma honum í opna skjöldu, að veiðileyfi rann út í lok fiskveiðiárs 31. ágúst 1996. Hann hafi hins vegar engar ráðstafanir gert fyrir þann tíma. Þá hafi engin gögn verið lögð fram í málinu um, að Fiskistofa hafi neitað um útgáfu veiðileyfis. Af framansögðu verði ekki séð, að aðalstefnandi hafi reynt að takmarka tjón sitt.

Um bótakröfu um tap vegna vaxtamunar bendir aðalstefndi á, að aldrei hafi verið óskað eftir slíku veðleyfi né hafi aðalstefnandi sýnt fram á, að honum hafi staðið slíkt lán til boða. Aðalstefndi hafi neitað aðalstefnanda um útgáfu veðleyfis 27. mars 1996, enda hafði aðalstefnandi þá ekki staðið við sinn hluta kaupsamningsins um að leysa aðalstefnda og fjölskyldu hans úr persónulegum ábyrgðum. Neitunin hafi verið réttmæt, þar sem engin ákvæði hafi verið um útgáfu veðleyfis í kaupsamningi. Þar að auki sé ósannað, að þessi neitun hafi valdið aðalstefnanda tjóni. Aðalstefndi telur, að krafa aðalstefnanda um bætur fyrir fyrirhöfn og tímaeyðsla vegna deilna aðila sé miskabótakrafa. Engin fordæmi séu fyrir því, að slík krafa hafi verið tekin til greina.

#### *Málavextir í gagnsök.*

Gagnstefnandi heldur því fram, að fljótlega eftir að kaupsamningur var undirritaður, hafi sjávarútvegsráðherra lýst yfir því í fjölmiðlum, að hann hygðist leggja fram frumvarp á Alþingi, þar sem aflamark krókabáta yrði gert framseljanlegt. Hinn 21. mars var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 105/1996 frá Alþingi 5. júní 1996 með gildistöku 1. september 1996. Með lögum þessum var kvóti krókabáta gerður framseljanlegur. Kaupsamningur aðila um vélbátinn Frey, BA-9, var undirritaður 1. mars 1996. Hinn 19. apríl 1996 tilkynnti gagnstefnandi gagnstefnda, að hann hygðist gera kröfur um hækkun á kaupverði bátsins vegna gjörbreyttra forsendna.

Í gagnstefnu er varakröfu gagnstefnanda lýst svo:

„Krafa í máli þessu er grundvölluð á úreldingarverðmæti bátsins (úreldingarstyrk skv. dskj. 48 í aðalsök) að viðbættu verði framseljanlegs aflamarks bátsins auk þess verðmætis, sem í bátnum sjálfum felst, eftir að hann hefur verið úreltur. Ekki þarf lengur að eyðileggja báta, sem eru úreltir, heldur dugir að þinglýsa á þá kvöð, sbr. dskj. 49, og hægt er að selja þá síðan sem skemmtibáta eða úr landi sem fiskveiðibáta.

Markaðsverð á framseljanlegu aflamarki krókabáta er nú um 170–185 kr. á hvert kíló, sbr. dskj. 53–54, og hefur verið aldrei verið lægra en 145 kr. á hvert kíló, sbr. dskj. 55. Í máli þessu verður miðað við meðaltalsverð, 150 kr. á hvert kíló, sem má telja sanngjarna og eðlilega verðlagningu og ekki yfir markaðsverði kvóta nú. Heildarverðmæti þau, sem felast í kvóta bátsins, eru því 44.900 kg margfölluð með 150 kr. á hvert kíló, alls 6.735.000 kr.

Úreldingarstyrkur bátsins er 6.787.000 kr., sbr. dskj. 48. Markaðsverð bátsins sjálfs, eftir að hann hefur verið úreltur, er á bilinu 20–30% af tryggingarmati, og hafa þessir bátar verið seldir við því verði að undanfögnu, sbr. yfirlýsingu Próunarsjóðs sjávarútvegsins á dskj. 54. Í máli þessu verður miðað við meðaltal af markaðsverði eða 25% af tryggingarmati, og verður að telja það eðlilega verðlagningu á bátnum. Samkvæmt því og með hliðsjón af tryggingarmati á dskj. 43, sem er að fjárhæð 11.311.730 kr., er verðmæti bátsins að fjárhæð 2.827.936 kr. Tryggingarmat það, sem kemur fram á dskj. 43, miðast við það ástand, sem báturinn var í við sölu 1. mars sl.

Samtals eru því þau verðmæti, sem felast í bátnum og aflamarki hans, að lágmarki að fjárhæð 16.349.936 kr. En stefnuþjárhæð í varasök miðast við mismun þeirrar fjárhæðar og kaupverðs bátsins samkvæmt kaupsamningi aðila á dskj. 4.“

#### *Málsástæður og lagarök í gagnsök.*

Gagnstefnandi krefst þess aðallega, að kaupsamningurinn verði ógiltur með vísan til ákvæða 36. gr., sbr. 31. og 33. gr. laga nr. 7/1936. Til vara og þrautavara er þess krafist, að kaupverð bátsins verði hækkað um ákveðna krónutölu eða að mati dómsins. Auk þess er byggt á meginreglum samninga- og kröfuréttar um brostnar og breyttar forsendur, bæði að því er varðar aðalkröfu og vara- og þrautavarakröfu.

Gagnstefnandi styður kröfur sínar í gagnsök því, að sér hafi verið með öllu ókunnugt um, að til stæði að leggja fram breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Hann hefði aldrei selt bátinn, ef sér hefði verið kunnugt um væntanlegar breytingar. Gagnstefndi hafi hins vegar viðurkennt að hafa búið yfir þessari vitneskju. Gagnstefndi hafi gengið hart eftir því, að viðskipti

tækjust, og hagnast um milljónir á kaupunum. Breyting á lögum um stjórn fiskveiða hafi því kollvarpað öllum forsendum kaupsamnings málsaðila.

Ógildingarkrafa gagnstefnanda er umfram allt reist á því, að dómstólum sé heimilt að víkja samningi til hliðar í heild eða hluta eða breyta samningi, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat á þessu verði að skoða aðstæður allar og meta atvik heildstætt með vísan til 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Forsvarsmenn gagnstefnda hafi vitað af fyrirhugaðri breytingu, en gagnstefnandi ekki. Nýbúið hafi verið að breyta lögum um krókabáta á þinginu 1994–1995, og þess vegna hafi gagnstefnandi ekki búist við frekari breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Líta verði til þess, að gagnstefndi var beittur þrýstingi til að ganga frá kaupsamningi í flýti. Nokkur aðstöðumunur hafi einnig verið með aðilum. Annars vegar var hlutafélag nokkurra fjársterkra aðila og hins vegar einstaklingur. Skipasaliinn hafi einkum unnið að málinu fyrir gagnstefnda og auglýst sérstaklega eftir krókaleyfisbát fyrir hann. Gagnstefnandi hafi hins vegar notið lítillaga aðstoðar föður síns í síma, þegar gengið var frá samningnum. Þá beri einnig að líta til þess, að sú veiðireynsla, sem aflamark bátsins byggðist á, hafi orðið til fyrir tilstuðlan gagnstefnanda.

Gagnstefnandi heldur því fram, að það breyti engu um heimildir 36. gr. laga nr. 7/1936, enda þótt gagnstefndi hafi verið grandalaus um fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Nægjanlegt sé að líta hlutlægt til stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerð og atvika, er síðar komu til.

Verð bátsins hafi miðast við þágildandi kvótakerfi fyrir smábáta. Aðeins nokkrum dögum síðar hafi verið orðið ljóst, að breytingar stóðu fyrir dyrum, og áður en gefa átti út afsal, var breytingin orðin staðreynd. Með hliðsjón af þessum atvikum verði að telja eðlilegt, að samningur aðila verði ógiltur með vísan til meginreglna samninga- og kröfuréttarins um breyttar og brostnar forsendur.

Varakrafa gagnstefnanda er reist á því, að kaupverð bátsins verði hækkað um 4.849.936 krónur.

Gagnstefndi vísar um mál sitt í gagnsök til þeirrar meginreglu samningaréttarins, að gerða samninga skuli halda og að breyting á lögum geti ekki leitt til þess, að ógilda beri kaupsamninginn.

Gagnstefndi telur, að gagnstefnandi geti ekki stuðst við 31. gr. samningalaga. Ekkert bendi til, að gagnstefndi hafi notfært sér bágingi, einfaldni, fákunnáttu eða léttúð gagnstefnanda í ávinningsskyni. Aðstæður aðila hafi verið afar svipaðar. Báðir séu þeir sjómenn, en Birgir Hermannsson hafi séð um viðræður við gagnstefnanda. Faðir gagnstefnanda, Jakob Kristins-

son, hafi verið gagnstefnanda til ráðgjafar frá upphafi málsins. Hann hafi talsverða reynslu af útgerð. Gagnstefnda hafi ekki verið sérlega kunnugt um slæma stöðu gagnstefnanda hjá viðskiptabönkum. Hann hafi leynt gagnstefnda þeim samningi sínum við Eyrarsparisjóð, að sparisjóðurinn fengi ávallt 43% af aflaverðmæti bátsins upp í veðkröfur. Þessi samningur hafi reynst mjög erfiður fyrstu vikurnar eftir kaupin á sama tíma og verið var að koma veðkröfum í skil. Forsvarsmönnum gagnstefnda hafi ekki verið kunnugt um, hvaða breytingar yrðu gerðar á kvótakerfinu. Á þessum tíma hafi verið rätt um breytingar í þjóðfélaginu og verið á vitorði allra sjómannanna, að einhverjar breytingar væru í aðsigi. Forsvarsmenn gagnstefnda hafi hins vegar ekki búið yfir meiri vitneskju en aðrir um þessi mál. Þeir hafi ekki vitað, að sjávarútvegsráðherra myndi leggja fram frumvarp 21. mars 1996 og frumvarpið yrði að lögum 5. júní 1996. Þá hafi þeir ekki haft hugmynd um eða velt því sérstaklega fyrir sér, hvaða áhrif lög nr. 105/1996 myndu hafa á verðlagningu báta um lengri eða skemmri tíma.

Ógildingarregla 33. gr. samningalaga eigi einungis við atvik, er fyrir voru, þegar stofnað var til löggernings. Óumdeilt sé, að markaðsverð hafi ráðið verði bátsins á þeim tíma, er kaup voru gerð. Vélbáturinn Freyr hafi verið falur fyrir 12 milljónir króna á tveimur skipasölum í Reykjavík, og oftast en ekki lækki ásett verð.

Gagnstefndi mótmælir því, að 36. gr. laga nr. 7/1936 geti átt við í málinu. Langur aðdragandi hafi verið að kaupunum. Tilboð hafi verið gert í desember 1995 og aftur í janúar 1996, en báðum verið hafnað. Viðræður hafi verið í febrúar, sem leitt hafi til tilboðs 16. febrúar 1996, er hafi verið samþykkt. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 skuli m. a. líta til atvika, sem síðar koma til, þegar lagt sé mat á, hvort samningur teljist ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju. Aðdragandi að setningu laga nr. 105/1996 um stjórn fiskveiða hafi verið nokkuð langur. Fram hafi komið í fréttabréfi Landssambands smábátaeigenda í desember 1995, að breytingar væru í aðsigi. Í því fréttabréfi hafi hugmyndir ráðuneytis verið kynntar, og formaður félagsins hafi haldið alls 11 fundi viðs vegar um land með smábátaeigendum um væntanlegar lagabreytingar. Ótrúverðug sé sú staðhæfing gagnstefnanda, að hann hafi ekkert vitað um þær viðræður, sem fram fóru í þjóðfélaginu um þessi mál. Þá sé erfitt að sjá, hvernig verðlag á aflaheimildum breytist frá einum tíma til annars. Fjarstæðukennt sé, að úrræðum 36. gr. laga nr. 7/1936 verði beitt í þeim tilgangi að leiðrétta verð vöru vegna lögmála markaðsins, hækkun eða lækkun tola eða annarra gjalda eða af öðrum utanaðkomandi ástæðum, sem samningsaðilar geta engin áhrif haft á.

Gagnstefndi heldur því einnig fram, að sér hafi verið í sjálfsvald sett,

hvort hann stundaði veiðar með þorskaflaheimildir eða tiltekinn fjölda sóknardaga frá og með 1. september 1996, sbr. 6. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990. Gagnstefndi hafi valið að halda bátnum til veiða með þorskaflahámarki, en engin skylda hafi verið að velja það veiðikerfi. Gagnstefnandi geti ekki krafist hagnaðar, er rekja megi til ákvörðunar gagnstefnda.

#### *Niðurstaða.*

Aðalstefnandi keypti bátinn Frey, BA-9, af aðalstefnda með kaupsamningi 1. mars 1996. Deila aðila í aðalsök snýst einkanlega um útgáfu afsals og um skaðabótakröfu aðalstefnanda vegna dráttar á útgáfu afsals.

Í kaupsamningi aðila segir, að afsal skuli gefa út 10. apríl 1996. Við gerð kaupsamningsins greiddi aðalstefnandi verð bátsins með yfirtöku áhvílandi veðskulda og með greiðslu 1.675.119 króna við undirritun kaupsamnings. Þá segir, að 100.000 krónur skyldi greiða við lokaafhendingu fylgifyjár. Aðalstefnandi gaf út ávísun með þessari fjárhæð, og var hún í geymslu skipasalanans. Í ljós kom fljótlega, að nokkrar kröfur höfðu ekki verið teknar með í reikninginn, t. d. hafnar-, skipa- og skoðunargjöld. Mestu munaði þó um skuld aðalstefnda við Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, að fjárhæð 885.256 krónur. Var sjóvæð til tryggingar þeirri kröfu. Þá upplýsti aðalstefndi ekki við kaupsamningsgerð, að áhvílandi skuld við Eyrarsparisjóð, að fjárhæð 4.958.046 krónur, var með þeirri kvöð, að 43% af aflaverðmæti bátsins skyldi renna til sparisjóðsins. Aðalstefnandi greiddi nokkrar smærri skuldir aðalstefnda, samtals að fjárhæð 31.002 krónur, og skuldajafnaði við 100.000 króna greiðsluna, sem hann átti enn ógreidda. Eftirstöðvar voru því 68.998 krónur, sem aðalstefnandi greiddi 10. september 1996. Hinn 16. ágúst 1996 samdi aðalstefndi við Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, sem lýsti yfir, að sjóvæðið væri niður fallið.

Í kaupsamningi aðila var það ákvæði, að aðalstefnandi skyldi leysa aðalstefnda og fjölskyldu hans úr persónulegum ábyrgðum vegna áhvílandi veðskulda fyrir 10. apríl 1996. Hinn 27. mars 1996 sendi aðalstefnandi stefnda skeyti og óskaði eftir útgáfu veðleyfis, til þess að aðalstefnandi gæti uppfyllt þetta ákvæði kaupsamningsins. Aðalstefndi svaraði ekki skeytinu vegna þess, að hann taldi sér ekki skylt að veita slíkt leyfi, þar sem enginn slíkur áskilnaður hefði verið í kaupsamningi.

Telja verður, að strax í byrjun maí 1996 hafi aðalstefnandi verið búinn að efna samningsskyldur sínar samkvæmt kaupsamningi aðila. Hann hafði þá greitt kaupverð og leyst aðalstefnda og fjölskyldu hans úr ábyrgðum, þrátt fyrir það að aðalstefndi neitaði honum um veðleyfi. Ávísun, að fjárhæð 100.000 krónur, var til reiðu hjá skipasalanum, og telst það á ábyrgð aðal-

stefnda, að lokauppgjör dróst. Aðalstefndi telst því ekki eiga rétt til dráttarvaxta.

Fallast verður á með aðalstefnanda, að svo virðist sem aðalstefndi hafi neitað aðalstefnanda um veðleyfi í þeim tilgangi einum að hindra, að aðalstefnandi gæti efnt samningsskyldur sínar. Aðalstefnandi hugðist taka nýtt lán til að leysa aðalstefnda og fjölskyldu hans úr ábyrgðum og greiða áhvílandi lán með nýja láninu. Vel mátti binda veðleyfið því skilyrði, eins og oft er tíðkað, að það yrði eingöngu notað til að greiða upp eldri áhvílandi lán á bátnum. Hagsmunum aðalstefnda var þá ekki stefnt í hættu.

Aðalstefnandi hafði rétt til að halda eftir 100.000 króna greiðslu vegna vanefnda aðalstefnda. Aðalstefndi skuldaði enn töluverða fjárhæð, sem tryggð var með sjóveði, en í kaupsamningi er sérstaklega tekið fram, að skuldir séu tæmandi taldar í kaupsamningi.

Gegn andmælum aðalstefnanda þykir ósönnuð sú fullyrðing aðalstefnda, að samið hafi verið um aukagreiðslu, að fjárhæð 500.000 krónur.

Ekki verður talið, að aðalstefnda hafi verið rétt að synja um útgáfu afsals á þeirri forsendu, að hann hafi gert kröfu um ógildingu kaupsamnings á grundvelli ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936. Kaupsamningurinn var gagnkvæmur samningur beggja mál aðila. Aðalstefnandi hafði efnt hann, og því bar aðalstefnda einnig að standa við skyldur sínar samkvæmt efni hans. Ekki verður talið, að atvik, er síðar koma til, geti orðið til þess, að seljanda sé heimilt að neita um útgáfu afsals, ef kaupandi hefur staðið við sínar skyldur að öllu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður aðalstefndi dæmdur til að gefa út afsal. Kröfur hans um dagsektir og aðför þykja hins vega ósamrýmanlegar. Í kröfu um aðför felst krafa um, að sýslumaður gefi út afsal, sbr. 74. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, ef aðalstefndi verður ekki við þeirri skyldu. Krafan um aðför þykir ganga lengra en krafan um dagsektir, og verður hún því tekin til greina.

Aðalstefnandi krefst samkvæmt 5. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 styttri aðfararfrests og að áfrýjun málsins hindri ekki aðför. Ekki þykja efni til að víkja frá hinum almennu reglum um aðfararfrest, sbr. 1. mgr. 5. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Þá þykja hagsmunir aðalstefnanda á að fá út gefið afsal ekki svo mikilvægir, að víkja beri frá þeirri meginreglu, að áfrýjun máls hindri aðför.

Skaðabótakrafa aðalstefnanda er annars vegar reist á tapi, að fjárhæð 767.000 krónur, vegna tafa frá veiðum og hins vegar á tekjutapi, fyrirhöfn og tapi vegna vaxtamunar, að fjárhæð 300.000 krónur.

Aðalstefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki fengið út gefið veiði-

leyfi, fyrr en 16 dagar voru liðnir af september 1996. Hann hafi því ekki komist á veiðar 1. september, eins og hann ætlaði sér. Ekki þykir nægilega sannað, að Fiskistofa hafi synjað um útgáfu veiðileyfis. Aðalstefnandi var orðinn löglegur eigandi bátsins og hafði kaupsamning því til staðfestu. Hann tók við réttindum og skyldum sem eigandi bátsins 1. mars 1996. Þær tafir, sem urðu á útgáfu veiðileyfis, voru því ekki á ábyrgð aðalstefnda.

Ósannað þykir, að aðalstefnandi hafi átt kost á láni frá Bygðastofnun með 7,7% ársvöxtum. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu þar að lútandi. Krafa um bætur vegna vinnutaps og fyrirhafnar er í raun miskabótakrafa, sem ekki er dómafordæmi fyrir, eins og hér háttar. Niðurstaðan verður því sú, að skaðabótakrafa aðalstefnanda verður ekki tekin til greina.

Kröfur gagnstefnda eru á því reistar, að honum hafi verið ókunnugt um við kaupsamningsgerð, að til stæði að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Styður hann málatilbúnað sinn í gagnsök við 31., 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 og reglur um breyttar og brostnar forsendur.

21. mars 1996 var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 105/1996 frá Alþingi 5. júní 1996 með gildistöku 1. september 1996. Samkvæmt 3. gr. breytingalaganna er rýmkað um heimildir til að framselja þorskaflahámark krókabáts, minni en 6 brúttótonna, til annars krókabáts eða báta að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Fyrir setningu laga nr. 105/1996 mátti framselja veiðiheimildir báta undir 6 brúttótonnum, sbr. 6. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990, að hluta eða öllu leyti til stærri skipa, og kom slík heimild til framkvæmda 1. janúar 1991. Fyrir þann tíma voru veiðileyfi smábáta ófram-seljanleg. Aðdragandi að lögum nr. 105/1996 var nokkur. Samkvæmt greinargerð með lögumum bauðst sjávarútvegsráðherra til þess á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda í október 1995 að eiga samstarf við lands-sambandið um breytingar á krókabátaútgæmdu. Sérstök nefnd var kosin og haldnir fundir þar til 18. mars 1996, að samkomulag varð um frumvarpið, sem síðar varð að lögum nr. 105/1996. Í fréttabréfi Landssambands smábátaeigenda, sem út kom í desember 1995, eru kynntar hugmyndir sjávarútvegsráðuneytis. Þar er m. a. getið um heimild til afsals veiðileyfis milli smábáta. Í grein í fréttabréfi í mars kemur fram, að Landssamband smábátaeigenda hafi haldið níu fundi um land allt með eigendum smábátaeigenda til þess að kynna þeim hugmyndir ráðuneytis frá því í desember 1995.

Af hálfu forsvarsmanna gagnstefnda hefur það komið fram, að þeir vissu um, að til stæði að breyta lögum um fiskveiðistjórnun. Sögðu þeir, að á þessum tíma hefði verið umræða um þessi mál í þjóðfélaginu og sérstaklega meðal sjómanna. Sú umræða hafi hins vegar ekki snúist um, hvort hækkun

yrði á krókaleyfisbátum, og hefðu þeir ekki velt því sérstaklega fyrir sér á þessum tíma. Ósannað þykir gegn neitun gagnstefnda, að hann hafi umfram gagnstefnanda búið yfir vitneskju um, að verð á krókaleyfisbátum kynni að hækka. Nægilega þykir komið fram í málinu, að gagnstefndi keypti bátinn einkum í þeim tilgangi, að trillusjómennirnir Árni Sigtryggsson og Birgir Hermannsson gætu haft atvinnu og tekjur af bátnum. Gagnstefnandi er einnig sjómaður, og var því jafnræði með aðilum að þessu leyti.

Gagnstefndi gerði tvö tilboð í bátinn, sem báðum var hafnað. Þriðja tilboðinu var tekið og það samþykkt. Undirritaði gagnstefnandi kaupsamning án þess að gera fyrirvara eða athugasemdir. Verður því talið, að báturinn hafi selst á markaðsverði. Hann hafði verið boðinn til sölu um nokkurt skeið á 12 milljónir króna, og er ekki óalgengt, að ásett verð lækki eitthvað. Samkvæmt framansögðu þykja ákvæði 31. gr., 33. gr. eða 36. gr. laga nr. 7/1936 ekki eiga við í máli þessu.

Ekki þykir heimilt að beita ákvæðum 36. gr. í þeim tilgangi að leiðrétta verð vöru, ef það breytist vegna lögmála markaðarins um framboð og eftirspurn, hækkunar eða lækkunar tolla eða annarra atvika, sem samningsaðilar geta ekki haft áhrif á.

Reglur samningaréttar um brostnar eða breyttar forsendur eru undantekningarreglur frá þeirri aðalreglu, að við samninga skuli standa. Ekki verður talið, að það hafi verið forsenda af hálfu gagnstefnanda í viðskiptum aðila, að lög um fiskveiðistjórnun stæðu óbreytt til skemmri eða lengri tíma. Varhugavert yrði fyrir viðskiptalífið, ef taka mætti upp kaup vegna hækkunar eða lækkunar á verði söluhlutar vegna lagabreytinga.

Niðurstaðan verður því sú, að gagnstefndi verður alsýknaður í gagnsök.

Niðurstaða málsins í heild verður því sú, að krafa aðalstefnanda í aðalsök um útgáfu afsals og að aðför megi fara fram, er tekin til greina. Sýknað er af kröfu um dagsektir, styttri aðfararfrest og að áfrýjun máls hindri eigi aðför. Þá er aðalstefndi enn fremur sýknaður af kröfu um greiðslu skaðabóta. Í gagnsök er gagnstefndi alsýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu verður málskostnaður ákveðinn fyrir báðar sakir, þannig, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 400.000 krónur í málskostnað. Ekki er þá tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Uppsaga dóms hefur dregist vegna páskahátíðar.

#### D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Jón Páll Jakobsson, gefi út afsal til handa aðalstefnanda, Hornbjargi ehf., fyrir mb. Frey, BA-9, skipaskrárnúmer 2148, að viðlagðri aðför.

Aðalstefndi er að öðru leyti sýknaður af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Gagnstefndi, Hornbjarg ehf., skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Jóns Páls Jakobssonar, í gagnsök.

Aðalstefndi, Jón Páll Jakobsson, greiði aðalstefnanda, Hornbjargi ehf., 400.000 krónur í málskostnað í báðum sökum.

---